



Kór Menntaskólans að Laugarvatni. Ljósmynd: Dagskráin/SEG

Skálholtskirkja glitrar í jólatónum kórs Menntaskólans að Laugarvatni

Jólastemningin var allsráðandi í Skálholtskirkju síðustu helgi þegar kór Menntaskólans að Laugarvatni hélt sína árlegu jólatónleika. Jólatónleikar kórs ML hafa verið fastur liður í lok nóvembermánaðar í þó nokkur ár og hefur aldrei mistekist að koma nemendum og gestum tónleikanna í jólasap fyrir jólafrí.

Dagskrá kórsins var fjölbreytt og innihélt ýmis hátíðarlög sem flest okkar ættu að kannast við.

Ýmsir krakkar innan kórsins tóku af skarið og sungu einsöng með þrýði og skipaði hluti nemenda úr kórnum litla hljómsveit sem lék undir í nokkrum lögum.

Tónleikarnir marka einnig tímamót í sögu kórsins, því þetta voru fyrstu jólatónleikar kórsins undir stjórn Stefáns Þorleifssonar, sem tók nýlega við kórstjórn ML kórsins af Eyrúnu Jónsdóttur, sem lét af störfum síðasta vor eftir 15 ára starf.

Stefán hefur fljótt náð að setja sinn svip á kórstarfið og hefur allur undirbúningur tónleikanna verið nýttur í haust á kóræfingum. Kórinn samanstendur af meirihluta nemenda skólans en nemendur skólans eru samtals 156, þar af eru 119 í kórnum og því tæplega 80% nemenda í kórnum. Margrét Elín Ólafsdóttir er verkefnastjóri kórsins og hefur stýrt bæði skipulagi og fjáröflun tónleikanna ásamt

kórstjórn sem fimm nemendur kórsins sitja í.

Kórinn heldur áfram að taka að sér spennandi verkefni en kórinn stefnir á að fara til Stokkholms næsta vor í kórferð.

Jólatónleikar helgarinnar sýndu glögg að kórstarfið er í öruggum höndum og heldur áfram að blómstra. Það má með sanni segja að hátíðartónleikarnir hafi verið fallegur fyrirboði þess sem koma skal

SEG




2

Að efla öryggi með fræðslu



10

Íþróttafélagið Hamar er fyrirmyndarfélag ÍSÍ



12

Glæsilegir afmælistónleikar

Fáðu fagmann í verkið



Framúrskarandi fyrirtæki 2020-2025



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Toyota
Selfossi



AÐALSKOÐUN

Er kominn tími á skoðun?



Eyravegur 51, 800 Selfoss
Sími 590-6996

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga deiliskipulags/breytingar.

Byggðarhorn 54 (Litla Kot) - Deiliskipulagsbreyting

Bæjarstjórn Árborgar samþykkti þann 19.11.2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Byggðarhorns búgarðar. Breytingin tekur til lóðar númer 54 sem hefur fengið heitið Litla Kot. Lóðinni verður skipt í tvær lóðir, Litla Kot I og Litla Kot II. Aðkoma að lóðum er frá hreimreið, sem tengjast Byggðarhornsvogi (3081) sem er héraðsvegur. Nú þegar er búið að byggja íbúðarhús á lóðinni og mun það tilheyra Litla Koti I. Á hvorri lóð fyrir sig er heimilt að byggja íbúðarhús og útihús. Heildarbyggingarmagn lóðar fyrir breytingu er 800 m² fyrir íbúðarhús og 1200 m² fyrir útihús og verður samantlagt heildarbyggingarmagn beggja lóða eftir breytingu 800 m² fyrir íbúðarhús og 1000 m² fyrir útihús.

Ofangreind skipulagstillaga liggur frammi til auglýsingar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillöguna á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is og á www.skipulagsgatt.is. Skipulagstillagan er í auglýsingu frá 27. nóvember, til og með 14. janúar 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67 á Selfossi, eða með tölvupósti á netfangið skipulag@arborg.is. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 14. janúar 2025.

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Vigfús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi

Að efla öryggi með fræðslu

Félagarnir Björgvin Óli Ingvason og Sigurjón Bergsson hafa stofnað nýja fyrirtækið Neyðarþjálfun ehf.

Báðir hafa þeir starfað sem sjúkraflutningamenn hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands í nokkur ár. Samhliða þeirri vinnu hafa þeir í langan tíma komið að þjálfun og kennslu tengt starfi viðbragðsaðila og bráðaðþjónustu utan spítala, en einnig sinnt skyndihjálparkenndu fyrir almenning. Björgvin hefur sérhæft sig í kennslu í forgangsakstri og straumvatsbjörgun, auk þess kenna þeir báðir við Sjúkraflutningaskólann.

Neyðarþjálfun ehf.

Neyðarþjálfun ehf. býður upp á fjölbreytt námskeið, fyrst og fremst á sviði skyndihjálpar en einnig öryggisnámskeið fyrir fólk sem starfar við krefjandi aðstæður, eins og m.a. á hálendinu. Auk þess býður Neyðarþjálfun upp á sérhæfð námskeið fyrir viðbragðsaðila. Fyrirtækið leggur áherslu á að skyndihjálparnámskeiðin séu sniðin að þörfum mismunandi vinnustaða og tekur námsefnið mið af starfsaðstæðum hvers hóps fyrir sig.

„Okkur finnst mikilvægt að skyndihjálparnámskeið geti verið skemmtileg og við bjóðum upp á lífliga framkomu og gott námsefni,“ segja þeir Sigurjón og Björgvin.

Hugmynd að Neyðarþjálfun

Áhersla á þekkingu í skyndihjálpar hefur aukist verulega síðustu árin og fólk er almennt að verða meðvitaðara um mikilvægi skyndihjálpar. Sífellt fleiri fyrirtæki líta á skyndihjálparþjálfun sem nauðsynlega hluta til að tryggja öryggi á vinnustað.

„Þá höfum við frá fyrstu hendi í gegnum tíðina séð, hvað fyrstu viðbrögð geta skipt miklu máli þegar slys eða veikindi ber að. Þess vegna viljum við dreifa boðskap sem víðast.“

Hugmynd fyrirtækisins kviknaði eftir nokkur ár af sam-



Björgvin Óli Ingvason og Sigurjón Bergsson. Mynd: Aðsend.

eiginlegri kennslu í skyndihjálpar. Með vaxandi eftirspurn eftir námskeiðum sáu þeir Björgvin og Sigurjón fram á að til þess að anna eftirspurn þyrfti að fjölga í hópinn til að hafa með þeim í liði.

„Við erum í dag með frábæra leiðbeinendur á skrá hjá okkur sem öll hafa víðtæka reynslu af vettvangi viðbragðsaðila og getum þannig haldið fleiri námskeið í sömu gæðum og hingað til,“ segja þeir.

Námskeiðin

Mest eftirspurn er eftir skyndihjálparnámskeiðum, en helstu markóparnir eru fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Þar má nefna skólajónustu, iðnaðarfyrirtæki, virkjanir og veitustofnanir svo dæmi séu nefnd.

Öll skyndihjálparnámskeið Neyðarþjálfunar eru byggð á blöndu af fyrirlestrum og verklegri kennslu. Í verklegri kennslu er notast við kennslubúnað sem gefur nemendum endurgjöf um það hversu vel viðkomandi stendur sig í endurlífgun. Auk þess gefur búnaðurinn tækifæri

á að standa fyrir keppni í endurlífgun, sem hefur oft kveikt vel í keppnisskapi hjá þátttakendum. Björgvin og Sigurjón vilja tryggja að námskeiðin séu lífleg og skemmtileg.

„Þetta hefur vakið mikla ánægju meðal þeirra sem setið hafa námskeið hjá okkur,“ segja þeir Björgvin og Sigurjón.

Munur á námskeiðum fyrir almenning og viðbragðsaðila

Framboð námskeiða er mismunandi fyrir viðbragðsaðila og almenning. Fyrir almenning er mest áhersla á skyndihjálpar og öryggisnámskeið, til að mynda jeppanámskeið og snjóflóðanámskeið fyrir vélsleða- og skíðafólk. Fyrir viðbragðsaðila er mest áhersla á forgangsakstur, straumvatsbjörgun og sérhæfða skyndihjálpar.

„Við vonumst til þess að geta breytt boðskap okkar sem víðast, til þess að auka öryggi almennings, hvort sem er á sviði skyndihjálpar eða annarra þeirra námskeiða sem við höfum upp á að bjóða,“ segja þeir Björgvin og Sigurjón að lokum. SEG

Ókeypis í bílastæðahúsi fyrstu tvo tímána

Fyrstu tvær klukkustundirnar í bílastæðahúsinu í miðbæ Selfoss verða ókeypis, frá og með þessari viku. Þetta staðfestir Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sigtún Þróunarfélags. „Þessi breyting tók gildi rétt í þessu og nú kostar ekkert að leggja í miðbænum fyrstu tvo tímána. Gjaldskyldan hefst svo eftir tvær klukkustundir,“ segir Vignir.

Bílastæðahúsið var opnað fyrir rúmlega ári síðan og var tekin upp gjaldskylda fljótlega í kjölfarið á opnun þess. Síðustu mánuði hafa þó heyrst áhyggjuraddir frá íbúum og fyrirtækjum í miðbænum, og er þessi ákvörðun tekin í kjölfar



gagna og greiningar síðustu tólf mánaða.

„Við höfum gjaldskyldu með þeim skilaboðum að við myndum sjá hvernig viðtökurarnar yrðu, sérstaklega á meðal heimafólks á á Selfossi, og við myndum aðlaga eins og þyrfti. Á þessu ári höfum við ekki farið varhluta af óánægju röddum á meðal íbúa. Við höfum hlustað

og eftir að hafa rýnt í gögnin og lagt mat á þessa reynslu síðustu 12 mánuði og er nú komin sú breyting að bílastæðin verði ókeypis í tvær klukkustundir,“ segir Vignir Guðjónsson hjá Landsbyggð.

Hann bætir við að þessi breyting sé hugsuð til að styðja við verslun og þjónustu í miðbænum. „Nú er talsverð umræða um mikilvægi þess að fólk versli í heimabyggð og það eru sannarlega raunin. Verslanir og veitingastaðir virka ekki nema viðskiptavinir mæti á staðinn. Við vonum að þessi breyting skapi enn meiri hvata til þess að mæta í miðbæinn, njóti og versla heima,“ segir Vignir.



HÚSASMIÐJAN

blómaval

AÐVENTU HÁTÍÐ

Fimmtudag til sunnudags

25%

Allar seríur og jólas kraut

Jólaseríur • Skreytingarefni • Jólasyttur • Jólaservíttur
Jólas kraut • Kerti • Jólaljós Jólappír • Gervijólatré

Gildir ekki af ferskvöru og lifandi jólatrjám



SKANNAÐU
KÓÐANN
Skoðaðu öll tilboðin

25%

Hýasinta
Nokkrir litir í boði.

11400223

599 kr
~~799 kr~~



25%

Aðventuljós
7 ljósa hvítt eða rautt

10327510

2.422 kr
~~3.229 kr~~

Gervijólatré í sérflokk

25%

Þétt og vönduð jólatré,
stærðir: 150-270 cm.
Sjáðu úrvalið á husa.is

Afskiptur gildir ekki af tilboðsvörum og „Lægsta lága verði Húsasmiðjunnar“.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavél. Útval getur verið misjafnt milli verslana.

Ómetanlegt þegar forsvarsfólk íþróttahéraða hittist

Svæðisfulltrúar íþróttahéraða á Suðurlandi stóðu á dögum fyrir sögulegum fundi íþróttahéraðanna á svæðinu. Mikil ánægja er með fundinn og vonast er til að hann opni á meira samstarf héraða og félaga á Suðurlandi.

„Það er ómetanlegt fyrir íþróttafélögin að hittast, kynnast og eiga opið spjall – slíkir fundir styrkja tengsl og byggja undir mikilvægi samvinnu í íþróttahreyfingunni. Þrátt fyrir að félögin starfi í mismunandi greinum kom skýrt fram að við glíum flest við sömu áskoranir og gott er að sjá áhuga íþróttahéraðanna,“ segir Berglind Sveinsdóttir, formaður Hestamannafélagsins Sleipnis á Selfossi.

Hún var á meðal þátttakenda á sögulegum samráðsfundi forsvarsfólks íþróttahéraða á Suðurlandi á Stracta Hotel á Hellu síðastliðinn föstudag.

Fundinn skipulögðu þær Bryndís Lára Hrafnkelsdóttir og Rakel Magnúsdóttir, svæðisfulltrúar íþróttahéraðanna á Suðurlandi, í samráði við HSK, USVS og ÍBV.

Fundinn sóttu u.þ.b. 50 manns frá íþróttaherudum á Suðurlandi, formenn og framkvæmdastjórnar innan HSK, ÍBV og USVS. Þar að auki sátu fundinn gestir, sem sumir fluttu erindi. Þar á meðal voru þau Willum Þór Þórsson, forseti ÍSÍ, og Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ.

Rakel Magnúsdóttir, einn af skipuleggjendum fundarins, segir hann hafa verið bæði fræðandi og hvetjandi. Þar hafi líka gefist tilefni til að heiðra og hampa sjálfböðaliðum sem leggja mikið á sig í starfi hreyfingarinnar.

„Ég er svo glöð hvað allir voru samstíga og ánægðir á fundinum. Þarna hittist fólk í fyrsta sinn og ræddi saman og ljóst að fólk upplifir íþróttaheruðin með mismunandi hætti og hefur mismikla vitneskju um starfsemi þeirra,“ segir hún og bætir við að fljótlega eftir fundinn hafi hún fengið fyrirspurn frá einum þátttakenda, sem víðræði hugmynd sem gæti orðið átaksverkefni fyrir allt Suðurlandið.

„Þetta sýnir að við eigum ekki að vinna í litlum sellum heldur saman, því saman erum við sterkari. Mögulega hefði þessi einstaklingur aldrei haft orð á þessu nema út af fundinum okkar?“

Mikilvægt að fólk vinni saman

Þess var gætt að fundurinn var tiltölulega stuttur, frá klukkan 15:00 til 18:00. Á dagskránni voru fjölbreytt erindi. Kristín Skjaldardóttir, samskiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs, sagði frá starfi embættisins og knattspyrnuþjálfarinn og markþjálfarinn Halldór Björnsson, flutti erindi sem bar með sér að afreksfólk fæðist alls staðar. Þrátt fyrir að heitið vísaði í afreksfólk en fjallaði þó öðru fremur um mismunandi hæfileika fólks, íþróttir fyrir alla og næstum því um ungmennafélagsandann.

Að lokum fjallaði Magnús Ragnarsson, formaður Skotíþróttafélagsins Skyttur og ritari Skotíþróttasambands Íslands, um hagnýt ráð fyrir íþróttafélög.

Eftir erindum lauk skiptust fundargestir í vinnuhópa og ræddi fólk þar um áskoranir, tækifæri og þjónustu íþróttahéraðanna, auk þess sem



sjálfböðaliðar á fundinum fengu sérstaka athygli. Kvöldið endaði á kvöldverðarhlaðborði sem mökum þátttakenda var boðið til. Þar ræddi fólk saman og styrkti tengslin frekar.

Fundur sem opnaði á samstarf

Samráðsfundurinn opnaði nýjar dyr fyrir samstarf milli félaga og héraða auk þess sem hann var kjörinn vettvangur til að ræða áskoranir og framtíðarmöguleika í samstarfi.

„Samstarf og samráð mun aukast,“ heldur Rakel áfram. „Við þurfum að skoða hvaða áskoranir eru helst í gangi og hvað við getum farið sameiginlega í á öllum svæðum – og lært hvert af öðru. Við erum alltaf að læra, hvernig sem á það er litið,“ segir Rakel og telur þetta geta markað upphaf að enn fleiri fundum og meira samstarfi íþróttahéraða.

„Þegar fólk hefur hist einu sinni þá verða öll samskipti svo miklu auðveldari. Þetta breytir öllu samstarfi og hreyfingunni. Ég er rosa spennt fyrir því sem getur orðið og þess vegna er svo gott að finna að fólk nýtir tengingarnar og meðbyrinn eftir fundinn og er farið að heyra hvert í öðru, leita ráða, deila upplýsingum og spegla sig.“

Nú tekur við úrvinnsla úr vinnuhópunum og fá þátttakendur samantektir sendar sem fólk getur unnið úr hvert á sínum stað með aðstoð íþróttahéraðanna og okkar svæðisfulltrúanna.

Ómetanlegt að eiga opið spjall

Berglind hjá hestamannafélaginu Sleipni segir fund sem þennan skipta miklu máli.

„Það er ómetanlegt fyrir íþróttafélögin að hittast, kynnast og eiga opið spjall – slíkir fundir styrkja tengsl og byggja undir mikilvægi samvinnu í íþróttahreyfingunni. Þrátt fyrir að félögin starfi í mismunandi greinum, kom skýrt fram að við glíum flest við sömu áskoranir og gott er að sjá áhuga íþróttahéraðanna. Fyrirlestrarir voru einstaklega áhugaverðir. Kynning Kristínar hjá samskiptaráðgjafa var mjög góð og hún kynnti námskeið sem við hjá Sleipni munum klárlega skoða nánar. Fyrirlestur Halldórs Björnssonar, markþjálfara, var ekki aðeins fræðandi heldur einnig skemmtilegur – Halldór er lifandi karakter með góða frásögn og mikla orku sem hélt öllum við hlustir, fólk hefði getað hlustað á hann endalaust því hann gaf mikinn innblástur og hvatningu. Vinnan í vinnuhópunum sýndi enn betur hversu sameiginlegar áskoranirnar eru, sérstaklega varðandi framboð og álag á sjálfböðaliða. Þetta var frábært tækifæri til að skapa tengsl og vettvang fyrir opið spjall. Ég hefði gjarnan viljað hafa lengri tíma fyrir hópavinnuna.“



Foccacia brauð með áleggi

Er matgæðingur vikunnar er Bryndís Jóna Gunnarsdóttir

Ég vil byrja á að þakka fyrir áskorunina.

Ég ætla að sýna ykkur hvernig á að baka Foccacia brauð. Þótt það krefjist smá þolinmæði að baka það, slær það alltaf í gegn í öllum veislum.

Foccacia brauð með áleggi

- 420 ml volgt vatn
- 1 tsk. þurrger
- 1 msk. hunang
- 1 msk. ólífuolía
- 2 tsk. salt
- 500 g hveiti

Hrærið saman geri, vatni, hunangi, ólífuolíu og salti í hræri vél. Bætið við hveiti og hrærið öllu vel saman. Látið standa í 10 mínútur. Fletjið út degið og brjótið það svo saman með blautum höndum. Endurtakið þetta skref. Látið sléttu hliðina á deginu snúa upp og setjið þá ólífuolíu. Nú þarf þolinmæði því degið þarf að standa í kæli yfir nótt.

Ég skora næst hana mömmu mína, Margréti Karlsdóttur, í matgæðing vikunnar.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



Þegar það hefur staðið yfir nótt, má setja degið í eldfast mót með vel af olíu. Brjótið degið saman nokkrum sinnum og snúði því svo við í mótinu. Penslið degið með enn meiri olínu og potið í í það nokkrum sinnum. Gott er að strá salti yfir degið.

Bakið í ofni á 220° í 18-20 mínútur

Hægt er að setja hvaða álegg sem er á brauðið en mér finnst best að bera fram með pestó, parmaskinku og klettsalat.



Tóm&Sjerrí í Þorlákskirkju 7. desember

Sunnudaginn 7. desember munu Tómas&Sjerrí blása til hljómlaika í Þorlákskirkju. Tómas&Sjerrí er samstarfsverkefni hljómlistarmanna Tómasar Jónssonar og Sigurðar Guðmundssonar. Báðir eru þeir orgel- og hljóðgervlaunnendur. Tómas&Sjerrí hafa síðastliðin þrjú jól gefið út tveggja laga stuttskífur með eigin kankvím útgáfum af þekktum jólalögum undir titli-

inum Jól við garganið. Á sama tíma og þeir vinna hörðum höndum fjórum að útgáfu fjórða bindis stuttskífubálksins munu þeir halda hljómlaika í Þorlákskirkju. Í bland við Tómas&Sjerrí katalóginn munu einnig koma fram þeir sjálfir, Sigurður Guðmundsson og Tómas Jónsson og flytja vel valdar perlu sem fólk þekkir betur og ylja rætur hjartans. Miðar fást á tix.is.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Gagnheiði 17, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Bláðamaður: Sæbjörg Erla Gunnarsdóttir, sími 482 1944, saebjorg@dfs.is.

Auglýsingaeldi: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 4.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Prentun: Prentmet Oddi

Svansvottuð prentsmíða

Gáta vikunnar

Eitt sem greina eyru þín, öskur sjúkur fremur. Þögn og kyrrð er þýð og fín, úr þínum barka kemur.

Svar við gátu í blaði 2829: **GRIND**

1. Diskagrind - 2. Rimlagrind

3. Beinagrind - 4. Burðargrind

Jólamarkaður og Ljósadagur marka upphaf jólaföstu í Laugardalnum ár hvert

Fyrsti jólamarkaður Kvenfélags Laugdæla á Laugarvatni var haldinn laugardaginn 29. nóvember 1997 og hefur síðan verið haldinn laugardag fyrir fyrsta sunnudag í adventu í samstarfi við Lionsklúbb Laugardals. Dagurinn hefur markað ríka hefð innan samfélagsins og flestir taka hann frá til þess að njóta og taka þessi fyrstu skref inn í jólaföstu. Í ár hittir hann á sama dag og þann fyrsta, það er 29. nóvember og verður vöflukaffi að venju í Héraðsskólanum að Laugarvatni frá kl. 13.

Kvenfélag Laugdæla var stofnað 26. maí 1960 og á því 65 ára afmæli í ár. Meðalaldur félagskvenna er 46 ár, þær yngstu eru 27 ára og þær elstu 68 ára, fyrir utan þær félagskonur sem eru komnar á heiðurslista og hafa fengið verðskuldað frí frá félagsstörfunum. Það er því vel við hæfi af þessu tilefni að segja aðeins frá því hvernig jólamarkaðurinn kom til. Undirrituð heimsótti systurnar Guðnýju og Gróu Grímsdætur á Ketilvöllum en þær hafa verið virkar kvenfélagskonur og afkastamiklar þrátt fyrir annríki í bústörfum.

„Hugmyndin kom upphaflega frá kvenfélagskonu sem ólst upp við jólabása í sinni heimasveit. Við vorum að keyra um allar sveitir og selja jólakort fyrir SSK og dagatöl fyrir Þroskahjál. Það var brunagaddur á þessum tíma,“ segir Guðný og heldur áfram: „Þessi hugmynd kom upp og við vorum þrjár sem tókum þetta að okkur, enda höfðum við verið dregnar í vinnunúmer eins og tíðkast í kvenfélagsstarfi. Ein bakaði vöflur, ein hitaði kakó og seldi inn á meðan sú þriðja seldi jólakort.“

En stemningin var góð, börn kvenfélagskvenna seldu föndur, handverkskonur voru á staðnum og seldu muni og það varð brjál að að gera í kakó- og vöflusölu í frostinu. Markaðurinn varð því mun stærri en búist var við og umfangið slíkt að enginn bjóst

við að þurfa að bretta upp ermar eins og úr varð. Aðrar kvenfélagskonur voru því komnar í verkefni og hjálpuðust þær að við að bera fram kakó og vöflur við góðan orðstýr. Sú hefð hafði skapast áður en jólamarkaðurinn kom til, að Lionsmenn sæju um að setja jólaljós á jólatré í Bjarnalundi og kveikja á þeim við hátíðlega athöfn. Seinna bættist við sú hefð að ljúka deginum með sameiginlegri göngu niður að Laugarvatni þar sem fólk af öllum aldri fleytir kertum til minningar um ástvinu eða jafnvel bara til þess að horfa á eftir ljósunum líða um vatnið í notalegri stemningu.

Áður fyrir jólamarkaðurinn haldinn í barnaskólanum en með fjölgun barna þurfti kvenfélagið að víkja og leita á naðir annarra. Í dag er markaðurinn og raunar mest öll starfsemi kvenfélagsins í Héraðsskólanum að Laugarvatni. Húsið á sér mikla sögu og ber slíka starfsemi afar vel. Við eigum ekki til nægilega mörg orð til að lýsa því þakklæti sem við berum til rekstraraðila hússins. Fjölskyldan sem rekur ferðapjónustufyrirtækið Efstadal hefur staðið þétt við bakið á íbúum á Laugarvatni og í Laugardalnum og það er fyrir þeirra tilstilli að við getum haldið viðburð af þessu tagi í dalnum okkar. Þau hafa ekki bara veitt okkur húsa-skjól heldur einnig boðið fram veitingar til styrktar félaginu ár eftir ár. Í ár verða tónleikar í Héraðsskólanum föstudaginn 28. nóvember til minningar um Villa Vill, en hann var við nám í Héraðsskólanum að Laugarvatni og söng þar í fyrsta skipti opinberlega. Þetta er frábær viðbót við notalega helgi og kannski upphaf nýrrar hefðar. Það verður a.m.k. nóg um að vera á Laugarvatni fyrstu helgina í adventu og bjóðum við öll velkomin.

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir,
formaður Kvenfélags Laugdæla.



Héraðsskólinn á Laugarvatni. Mynd: heradsskolinn.is

Héraðsskjalasafn Árnesinga fagnar 40 ára afmæli

Þann 1. desember verður Héraðsskjalasafn Árnesinga 40 ára. Frá upphafi hefur skjalasafnið vaxið og dafnað og veitt Árnesingum þjónustu allt árið um kring. Héraðsskjalasafnið er með skrifstofur og skjalageymslu að Austurvegi 2 á Selfossi og fjargeymslu að Háheiði 9 á Selfossi, en sú aðstaða er fyrir löngu orðin of lítil. Það var því fagnaðarefni þegar

skjalasafnið fékk afhent fyrir á þessu ári nýja skjalageymslu við Hrunamannaveg 3 á Flúðum sem safnið mun leigja af Hrunamannahreppi. Nýja skjalageymslan er 327 fm. að stærð og leysir geymsluvanda skjalasafnsins til framtíðar. Þegar hafa verið settir upp sérhannaðir skjalaskápar í geymslunni sem rúma munu um 1300 hillumetrar af skjölum. Hrunamenn hafa

tekið starfsmönnum skjalasafnsins afar vel og verður vonandi um langt og farsælt samstarf að ræða. Í tilefni af afmælinu verður opið hús í nýju skjalageymslunni við Hrunamannaveg þann 1. desember 2025 frá kl. 16:00-19:00 og gefst þá gestum og gangandi kostur á að skoða nýja húsnaðið.



Skáldastund í Húsinu á Eyrarbakka

Skáldastund
Sunnudaginn 30. nóvember, kl. 15, lesa rithöfundar úr nýútkomnum verkum sínum. Þeir höfundar sem heimsækja Húsið í ár eru:
**Bjarni M. Bjarnason,
Hrafn Andrés Harðarson,
Nína Ólafsdóttir,
Sigríður Hagalín Björnsdóttir,
Pjetur Hafstein Lárusson og
Þórunn Valdimarsdóttir.**

Jólasýning
Jólasýning Byggðasafns Árnesinga er opin kl. 13-17 sama dag og næstu tvo sunnudaga. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Opnunartímar: 1. maí – 30. sept. alla daga kl. 10-17
eða eftir samkomulagi | sími: 483 1504 & 483 1082
info@byggdasafn.is | www.byggdasafn.is

**BYGGÐASAFN
ÁRNESINGA**



Laus störf við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Fjölbrautaskóli Suðurlands auglýsir tvö laus störf:

- **Þroskaþjálfari á sérnámsbraut.** Um er að ræða 100% starf í afleysingu frá 1. janúar til 31. maí 2026. Helstu verkefni eru að þjálfa og aðstoða nemendur á sérnámsbraut. Skipuleggja þjálfun, annast gerð einstaklingsáætlana, sjá um hjálpartæki og taka þátt í samráði og fleira. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og ÞÍ.
- **Stuðningsfulltrúi á sérnámsbraut.** Um er að ræða 60% starf frá 1. janúar til 15. maí 2026. Helstu verkefni eru að aðstoða nemendur sérnámsbrautar við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfinu. Ýta undir færni og sjálfstæði þeirra og fylgja þeim um skólann. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Fjármálaráðuneytis og FOSS.

Leitað er eftir áreiðanlegum einstaklingum með mikla þjónustulund, þolinmæði og jákvæða framkomu. Góð íslenskukunnátta er skilyrði og reynsla af sambærilegum störfum er kostur. Umsóknarfrestur er til 4. desember.

Sótt er um á starfatorg.is. Þar eru ítarlegri auglýsingar með nánari upplýsingum um hæfnikröfur og fleira.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út nema umsækjandi ákveði annað. Umsækjendur þurfa að skila inn hreinu sakavottorði skv. lögum nr. 92/2008. Í samræmi við jafnréttisáætlun skólans er fólk af öllum kynjum hvatt til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ráðning liggur fyrir.

Frekari upplýsingar um skólann má finna á heimasíðu hans www.fsu.is.

Skólameistari



Vísindin kíkja í heimsókn - Viðtal við Kristínu Ásu

Her orðin fastur og vinsæll liður til að kynna vísindin um land allt. Lestin hefur nú lagt leið sína til Suðurlands. Laugardaginn sl. 22. nóvember var Háskólalestin með Opið vísindahús í félagsheimilinu í Borg í Grímsnesi þar sem gestum á öllum aldri var velkomið að kíkja og upplifa spennandi heim vísindanna.

DFS.is ræddi við Kristínu Ásu Einarsdóttur sem kynnti okkur nánar um Háskólalestina.

Kristín Ása Einarsdóttir er lestarstjóri Háskólalearinnar og skólastjóri Háskóla unga fólksins. Hún hefur starfað hjá Háskóla Íslands í yfir þrettán ár og segir að sá hluti starfsins sem snýr að miðlun vísinda til yngri nemenda sé sérstaklega gefandi og skemmtilegur.

Hvað er Háskólalest Háskóla Íslands?

Háskólalest Háskóla Íslands ferðast um landið með fræðafólki af mismunandi sviðum og býður upp á fjölbreytta dagskrá fyrir nemendur, kennara og íbúa. „Við bjóðum nemendum í efstu bekkjum grunnskóla upp á lifandi og fjölbreytt námskeið, kennurum kennarasmíður til fagþróunar og öllu samfélaginu Opið vísindahús,“ útskýrir Kristín. „Háskólalestin er því sannkallað vísindaævintýri fyrir alla aldurshópa.“

Innan Háskólalearinnar er fræðifólk Háskóla Íslands af öllum sviðum, félagsvísindum, hugvísindum, menntavísindum, heilbrigðisvísindum, verkfræði, raun- og náttúruvísindum og þverfræðilegum greinum.

„Rannsóknasetur HÍ á Suðurlandi tekur einnig þátt í þessari ferð sem er afar ánægjulegt. Það eru mikil forréttindi að vinna

með þessum frábæru vísindamiðlurum sem hafa einstaka hæfileika til að gera vísindi aðgengileg og spennandi,“ segir Kristín.

Sterkt samstarf sveitarfélaga og skóla

Kristín segir að það sem standi upp úr sé einstakt samstarf skóla og sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa.

„Þetta samstarf gerði okkur kleift að bjóða nemendum úr sex skólum að sækja námskeiðin – Bláskógaskóla, Reykholtsskóla, Flúðaskóla, Kerholsskóla, Flóaskóla og Þjórásarskóla,“ segir hún.

Sveitarfélögin hafi lagt til aðstöðu og húsnæði bæði í Flóaskóla fyrir kennsluna og í Borg í Grímsnesi fyrir Opið vísindahús. „Það hefur verið afar ánægjulegt að starfa með öllu þessu fólki að undirbúningnum.“

Markmið Háskólalearinnar

Grunnmarkmið Háskólalearinnar er að kveikja áhuga fólks á vísindum og fræðum, skapa upplifun hjá þeim sem kveikir forvitni og innblástur. Tilgangurinn er að styðja við starf grunnskólanna, bjóða kennurum fræðslu og efla tengsl Háskóla

Íslands við samfélagið um land allt.

Það að fara út á landsbyggð styrkir því og eflir því tengsl og samræðu Háskóla Íslands við íbúa, kennara, nemendur. „Þetta er mikilvægur hlekkur í því að efla tengsl háskólans við allt íslenskt samfélag. Háskólalestin er lifandi dæmi um hvernig háskóli getur verið virkur þátttakandi í samfélaginu og stuðlað að auknum áhuga og skilningi á vísindum.“

Kristínu sjálfri finnst einstakt að hitta unga fólkið og finna áhugann á námi og vísindum. „Það er líka ómetanlegt að hitta kennara, skólastjórnendur og íbúa víðs vegar um landið og fá að starfa með fræðafólki HÍ sem hefur þá sérstöku gáfu að miðla vísindum á lifandi og aðgengilegan hátt.“

Framtíð

Kristín lítur björtum augum á framtíð Háskólalearinnar og að hún muni halda áfram að þróast og stækka með áherslu á fjölbreytni og nýsköpun. „Það væri frábært að geta farið í enn fleiri ferðir á ári. Við erum nú þegar að ná að heimsækja um þrjá til fjóra landshluta ár hvert, sem er ánægjulegt,“ segir hún.



Kristín Ása Einarsdóttir.

Ljósmynd: Kristinn Ingvarsson

Sótt um neyðaraðstoð í Sjóðnum góða fyrir jól 2025

Sjóðurinn góði mun opna fyrir Umsóknir um neyðaraðstoð fyrir jól 2025 þann 24. nóvember á vefnum þeirra. Síðasti dagur rafrænna umsókna er 10. desember.

Einnig verður boðið upp á opinn umsóknardag í Selinu við Engjaveg þriðjudaginn 2. desember kl. 11:00–14:00. Að auki verður hægt að fá aðstoð við umsóknir í síma 772 5406 dagana 4. og 9. desember kl. 16:00–18:00.

Úthlutun fer fram í Selinu við Engjaveg 16. desember kl. 13:00–17:00.

Allar umsóknir þurfa að innihalda tekjur og útgjöld fyrir októbermánuð. Umsóknir verða ekki afgreiddar nema full-

nægjandi gögn fylgi umsóknum. Haft verður samband við þau sem ekki uppfylla skilyrði til út-

hlutunar og þau sem fá úthlutun fá sms um samþykki úthlutunar.



Fjárhagsáætlun Árborgar og barnafjölskyldur.

Fæðingarorlof er í heildina 12 mánuðir, eftir það á leikskólinn að taka við en víðast er lengri bið eftir leikskólaplássi. Ég og mín fjölskylda erum heppin og með frábært bakland, við eigum 14 mánaða gutta og ömmur og afar sjá um drenginn fyrir okkur þegar við þurfum að vinna upp í útgjöld heimilisins. Það eru ekki allir svo heppnir, ég veit að það er fullt af fólki sem hefur ekki öflugt bakland. Foreldrar sem sinna börnum sínum og komast ekki til vinnu á meðan, búnir með sinn rétt til fæðingarorlofs (þar sem fólk er að fá töluvert skert laun) og er því oft annar aðilinn launalaus í heilt ár, ef ekki lengur.

Þegar maður skoðar sveitarfélög út frá barnafjölskyldum er áhugavert að bera Árborg saman við nágrannasveitarfélögin í Árnessýslu. Oft hafa sveitarfélög auglýst sig sem barnvæn samfélög, það er þó gríðarlegur munur á milli sveitarfélaga. Ætli sér einhver að byggja sér heimili eru byggingarréttar- og gatnagerðargjöld í Árborg einhver þau hæstu sem þekkjast á Suðurlandi. Sem dæmi er einbýlishúsaloð í Móstekk með heimild til byggingar rúmlega 290fm hús að kosti um 13,7 m.kr. í gatnagerðargjöld og 10,7 m.kr. í byggingarréttargjald. Samtals rúmar 24 m.kr. áður en fyrsta skóflustunga er tekin. Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi er einbýlishúsaloð í Brautarholti með heimild til byggingar 250fm hús að kosti um 7 m.kr. í heildina og önnur sveitarfélög Uppsveita virðast vera með svipað verð-

lag. Í Hveragerði eru lóðir sem heimila um 550 fm byggingu á rúmar 27 m.kr., sem er sambærilegt verð en fyrir tæplega tvöfalt stærri lóð.

Þetta skilar sér inn í fasteignaverð, sem er hærri í Árborg, þá sérstaklega á Selfossi, en annars staðar í sýslunni. Þegar einstaklingur hefur byggt eða fest kaup á húsi þarf hann að greiða fasteignagjöld sem eru einnig hærri í Árborg en í nágrannasveitarfélögum og raunar með þeim hæstu á landinu, eins og sjá má á mælaborði Bygðastofnunar.

Svo bætist við að börn fá leikskólapláss seinna í Árborg en víða annars staðar. Jafnvel er mismunad eftir fæðingarmánuði, barn fætt snemma á árinu er líklegra til að fá pláss við 16 mánaða aldur, en barn fætt seint á árinu gæti þurft að bíða fram yfir 24 mánaða aldur. Sem betur fer á ég von á næsta barni í mars sem er prýðis mánuður ef horft er til inntöku í leikskóla. Mörg sveitarfélög brúa þetta bil með heimgreiðslum til foreldra, sem gæti verið raunhæf lausn fyrir Árborg, lausn sem er ekki svo dýr en getur skipt miklu máli fyrir þá sem þurfa á að halda. Þar að auki eru leikskólajöldin hærri í Árborg en annars staðar í sýslunni. Ég gæti haldið áfram og nefnt æfingagjöld, gjöld fyrir tómtundir og önnur gjöld sem snerta barnafjölskyldur.

Ég er ekki að segja að allt sé ómögulegt, flest sem tengist barnafjölskyldum er gert af miklum glæsibrag í Árborg. Við höfum glæsilega leik- og grunn-

skóla, fjölbreytt framboð íþrótta og tómtunda og frístundastarfið er í hæsta gæðaflokki, eitthvað fyrir alla! En við getum alltaf gert betur og ég er að benda á það sem mér og öðrum finnst að mætti betur fara. Barnvænt samfélag snýr bæði að því sem er í boði, aðgengi að þeirri þjónustu og kostnaði.

Fjárhagsáætlunin er í sjálfu sér góð, það er ekki hægt að óska eftir öllu fyrir alla þegar horfa þarf til aðhalds og hagræðingar hjá sveitarfélaginu. Verið er að vinna upp skuldir og bæta rekstur. Sum gjöld lækka hlutfallslega, fasteignagjöld eru að lækka, þ.e.a.s. hlutfallslega, það skilar sér í lækkun eða hækkun eftir því hvar í sveitarfélaginu þú býrð sökum hækkaðs fasteignamats. Heilt yfir er um ábyrgan rekstur að ræða og því ber að hrósa kjörnum fulltrúum og starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf. Sérstaklega ber að þakka íbúum, þeir hafa tekið hvað mest á sig fjárhagslega á síðastliðnum árum. Það eru fyrst og fremst skattahækkanir sem eru að skila bættum rekstri ásamt uppsögnum og hagræðingu. Fjárfesta á fyrir 2-3 milljarða á ári sem er vel, mér sýnist hins vegar fjárfestingar næstu ára snúa að því að mæta núverandi þörf. Á sama tíma horfum við á áframhaldandi fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Því velti ég fyrir mér hvort við gætum aftur lent í innviðaskuld, við vitum hvernig það endaði síðast. Þetta eru þó aðeins vangaveltur eftir stutta yfirferð síðastliðna daga.

Þetta er umfjöllun um afmarkaðan hóp íbúa í sveitarfélaginu, en þetta eru allt saman hlutir sem skipta máli. Það þarf sömuleiðis að ræða þátt ríkisins þegar kemur að barnafjölskyldum, þar er ýmislegt sem má bæta, t.d. fæðingarorlofskerfið. Þó engan bilbug á mér sé að finna í barneignum þá kemur mér ekki á óvart að fæðingar-tíðni sé lág á Íslandi.

Matthías Bjarnason, varabæjarfulltrúi Framsóknar í Árborg.



Matthías Bjarnason, varabæjarfulltrúi Framsóknar í Árborg. Mynd: Aðsend.

Helgihald í Árborgarprestakalli 1. sunnudag í aðventu, 30 nóvember

Messa og sunnudagaskóli í Selfosskirkju kl. 11

Prestur er sr. Gunnar Jóhannesson. Kirkjukór Selfoss leiðir safnaðarsönginn undir stjórn Edit Molnár. Einsöng í messunni syngir Karolina Konieczna. Barnafjölskyldur eru hvattar til að fjölmenna og njóta góðrar samerustundar í sunnudagaskólanum. Jólahúfu-þema verður og um að gera að grípa hana með sér.

Aðventukvöld í Villingaholtskirkju kl. 20

Sr. Gunnar Jóhannesson leiðir stundina. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Péturs Nóa Stefánssonar organista. Sæbjörg Eva Hlynsdóttir leikur á þverflautu. Ræðumaður kvöldsins er Þórunn Jónasdóttir.



Styrktartónleikar fyrir Þorstein Birni

27. nóvember verða haldnir sérstakir styrktartónleikar á Sviðinu í miðbæ Selfoss, kvöld sem snýst um samstöðu, hlýju og að standa með fjölskyldu sem stendur í gríðarlega þungum aðstæðum.

Elín Rut Theodórsdóttir og Þorsteinn Helgi Sigurðarson eignuðust sitt þriðja barn, Þorstein Birni, þann 14. október síðastliðinn.

Á meðgöngu kom í ljós sjaldgæfur hjartagalli og aðeins tveggja daga gamall var litli Þorsteinn Birni fluttur ásamt foreldrum sínum til Svíþjóðar. Hann hefur þegar gengist undir þrjár hjartaaðgerðir og mun þurfa stóra aðgerð í framtíðinni.

Hjartagallinn er svo einstakur að læknar erlendis hafa nefnt hann „Bears heart“, í höfuðið á Þorsteini Birni sjálfum, litlum stríðsmanni sem heldur áfram að koma öllum á óvart með ótrúlegri seiglu. Ekki er víst hvenær fjölskyldan kemst heim.

Slíkar aðstæður á ekkert foreldri né barn að þurfa að ganga í gegnum, og fjárhagsáhyggjur eiga ekki að vera hluti af þessari baráttu. Þess vegna hvetjum við

alla sem geta til að leggja sitt af mörkum.

Á tónleikunum koma fram Króli, Fríða Hansen, Katla Njáls, Vilhjálmur B. Bragason og Ingi Þór.

Miðaverð er 3.500 kr og er greitt við hurð.

Húsið opnar 19:30 - atriði hefjast 20:30.

Allur ágóði af miðasölu, bjórsölu og bolasölu fer beint til Elínar og Þorsteins.

Margt smátt skiptir máli

Styrktarreikningur: Kt. 161097-3229 Rkn. 0150-26-018151

STYRK TARKVÖLD ÞORSTEINS BIRNIS

FRAM KOMA:

KRÓLI
KATLA NJÁLS
VILHJÁLMMUR B. BRAGASON
INGI ÞÓR
FRÍÐA HANSEN

Húsið opnar kl 19:30 - Atriði hefjast 20:30

SVIÐIÐ
27.11.2025

Miðaverð 3500 kr
Öll sala af bjór, bolum og miðasölu rennur beint til Elínar og Þorsteins

ADVENTAN Í BLÓMABORG - HVERAGERÐI

ALLT AÐ GERAST Í BLÓMABORG

JÓNAS SIG
MAGNÚS ÞÓR
KRISTRÚN
KRISTJÁNS

MUGISON
LJÓÐAKVÖLD
HANDVERKSMARKAÐUR
MÖNTRUKVÖLD

DAGSKRÁ OG MIÐASALA WWW.BLOMABORG.IS

Töfrandi andrúmsloft á tónleikum Jórúkórsins í upphafi aðventunnar

Miðvikudaginn 3. desember býður Jórúkórinn Sunnlendinga velkomna á sína árlegu jólatónleika í Selfosskirkju. Sala miða hefur farið vel af stað á tónleika kl. 20:30 og verður kórinn því með aukatónleika kl. 18:30 sama dag. Þar gefst Sunnlendingum tækifæri á að njóta huggulegrar jólastundar í heimabyggð. Tónleikarnir eru uppskeruhátíð hauststarfs kórsins þar sem sunnlenskar konur eru í aðalhlutverki og kórkonur sýna afrakstur æfinga, textasmíða og lagaúsetninga kórs og kórstýru.

Jórúkórinn er gamalgróinn kvennakór á Selfossi sem hefur verið starfandi síðan haustið 1996. Starfsemi Jórúkórsins er mikilvægur liður í menningarstarfi á Selfossi þar sem konur koma saman vikulega og tengjast saman í söng og sköpun. Kórkonur gefa svo af sér til samfélagsins með því að halda tónleika í heimabyggð og leggur kórinn metnað sinn

í að allir tónleikar kórsins séu einstakir. Kórnum stýrir engin önnur en tónlistarkonan Unnur Birna Björnsdóttir, sem hefur stjórnað kórnum frá haustinu 2021. Unnur Birna hefur frá því hún tók við kórnum unnið að því að virkja tónlistina í hverri og einni kórkonu.

Tónleikarnir verða með fjölbreytt lög á dagskrá, íslensk og erlend, þjóðleg og nýleg. Flest löggin eru þó með íslenskum texta, í sumum tilfellum eru það glóðvolgir sunnlenskir jólatextar úr ranni kórkvenna og kórstýru. Flestar útsetningar eru eftir kórstýru og kórinn sjálfan, þar sem konur hafa fengið rými til að semja texta og taka virkan þátt í útsetningum sérstaklega fyrir þessa tónleika. Þau íslensku jólalög sem kórinn hefur ekki flutt áður eru ýmist í upprunalegum útsetningum eða nýjum útsetningum kórstýru, en einnig hefur kórinn í samstarfi við kórstýru unnið sjálfur í að raddsetja lög, sem er einstakt

tækifæri fyrir kórkonur; að fá að skapa hljóðheiminn.

Á tónleikunum kemur fram með kórnum einvala lið tónlistarmanna sem eru þeir Jón Ingimundarson á píanó, Jóhann Guðmundsson á gítar og Sigurður Skafti Flosason á bassa. Auk þess leika fjölhæfar kórkonur með í nokkrum lögum á klarinett og þverflautu auk þess sem einsöngvarar koma fram úr röðum kórsins. Miðaverði á tónleikana er stillt í hóf, 4.900 kr. fyrir 14 ára og eldri, 1.500 kr. fyrir 6-13 ára og frítt fyrir 5 ára og yngri, og fer miðasala fram á heimasíðu kórsins, www.jorukorinn.is

Jórúkórinn vonast til þess að sem flestir sjái sér fært til þess að koma og hlýða á jólatónleika kórsins þar sem sunnlenskar konur sameinast í sköpun og söng og gefir kórkonum tækifæri til að flytja eigin sköpunarverk í heimabyggð fyrir menningarbyrsta Sunnlendinga.



Samfylkingin og óháðir í Árborg munu stilla upp á lista samhliða ráðgefandi könnun

Á félagsfundi Samfylkingarfélagsins á Suðurlandi, þann 15. nóvember á Selfossi, var samþykkt að bjóða fram S lista Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg, og þar með opna fyrir óflokksbundna leið til þess að bjóða sig fram með félaginu. Stíllt verður upp á lista framboðsins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar 16. maí 2026.

Samfylkingin á Suðurlandi hefur þannig hafið undirbúning fyrir kosningarnar og ákveðið uppstillingu á framboðslista. Samhliða verður gerð könnun um framboðendur efstu sæta listans meðal félaga og stuðningsfólks til að tryggja opið og gagnsaett ferli þar sem aðkoma grasrótáttarinnar verður veigamikil.

Auglýst eftir framboðum og tilnefningum

Íbúum, félagsfólki og stuðningsmönnum gefst kostur á að senda inn tilnefningar og framboð. Sérstök kjörnefnd mun taka við ábendingum og umsóknum og hefur jafnframt það hlutverk að halda utan um framkvæmd ferlisins og tryggja að allir áhugasamir fái tækifæri til að taka þátt.

Könnun meðal félagsfólks um efstu sæti listans

Sérstök könnun verður lögð fram í febrúar fyrir skráða félaga og stuðningsfólk framboðsins í Árborg. Framboðendur sem sækjast eftir efstu sætum listans verða kynnt þar.

Í könnuninni raðar félags- og stuðningsfólk framboðendum í númeruð sæti. Að lokinni talningu verða niðurstöðurnar birtar opinberlega og munu þær hafa leiðbeinandi vægi fyrir störf uppstillingarnefndar.

Uppstillingarnefnd mótar endanlegan lista

Að lokinni könnun tekur kjörnefndin við hlutverki uppstillingarnefndar. Hún leggur síðan fram endanlegan framboðslista Samfylkingarinnar og óháðra í Árborg til samþykktar.

„Með því að framkvæma slíka könnun áður en stíllt er upp á lista er vonast til að ná sem breiðastri sátt á meðal félagsmanna um listann,“ segir Haraldr Þór Jónsson, formaður Samfylkingarfélagsins á Suðurlandi.

Jól í Árborg 2025

Þann 20. nóvember hófst jólahátíðin Jól í Árborg þegar kveikt var á fyrstu jólaljósum og á jólatrénu Selfossi. Fyrsta sunnudag í aðventu, 30. nóvember, verður kveikt á jólatrjánum niðri við strönd, kl. 16 á Eyrarbakka og kl. 17 á Stokkseyri. Dansað verður í kringum jólatrén með jólasveinum og öðrum gestum. Laugardaginn 13. desember munu jólasveinarnir úr Ingólfsfjalli koma til byggða og heilsa upp á bæjarbúa og nærsveitunga á Brúartorginu í miðbæ Selfoss. Jólatorgið á Eyrarbakka verður á sínum stað í ár með markaðsstemningu og handverki í jóla-kofum og í kjallara Rauða hússins. Byggðasafnið verður með opið sömu daga og Jólatorgið, sunnudagana 30. nóvember, 7.- og 14. desember frá kl. 13 - 17. Þeirra dagskrá er hátíðleg að vanda. Jóláböll og áramótabrennur, jólatónleikar og markaðir verða víða og í ár verður spennandi útileikhús fyrir börn í Hallskoti þann 6. desember, sannkallað jólaævintýri. Við hvetjum fólk til þess að kynna sér dagskrá Jól í Árborg á heimasíðu Árborgar og bæta sínum viðburðum við á viðburðadaga-

talið. Það er ómetanlegt hve örlátir einstaklingar og félagsamtök eru á tíma sinn þegar kemur að því að gera aðventu og jóladagskrá sveitarfélagsins sem fjölbreyttasta.

Jólaglugginn í Árborg er 15 ára

Jólaglugginn í Árborg verður á sínum stað í fimmtánda sinn en þessi fallega jólahefð hófst árið 2010. Á hverjum degi frá 1.- 24. desember opnar fyrirtæki eða stofnun einn skreyttan jólaglugga sem inniheldur bókstaf. Sem fyrr opnar fyrsti jólaglugginn á Bókasafni Árborgar, Selfossi. Börn geta tekið þátt í jólaratleik með því að finna einn bókstaf á dag á mismunandi stöðum í sveitarfélaginu. Þau raða bókstöfunum saman og mynda með því vísu sem aðstoðar við að finna rétt svar! Verðlaun verða veitt þremur börnum með rétt leysta gátu. Þetta er ókeypis og skemmtileg samvera í desember fyrir fjölskyldur og hvetjum við fólk til þess að taka þátt. Þátttökublöð verður hægt að nálgast á bókasöfnum og í sundlaugum Árborgar. Gleðjumst saman á aðventu og jólum og setjum fjölskyldu- og vinasamveru í forgang.



ALLAR JÓLABÆKURNAR Á EINUM STAÐ

AÐ AUKI ALLSKONAR DÝRGRIPIR FYRRI TÍMA, GJAFAVÖRUR FYRIR ALLA BÓKAMENN.

JÓLABÓKA-UPPLESTUR

FIMMTUDAGSKVÖLDIÐ 27. NÓVEMBER KL. 20-22

Helga María
Gunnar Randvers
Bjarki Bjarnason
Sigrún Ása
Gunnar Straumland
Gunnhildur Þórðar
Anna Elísabet

Notaleg stemning við kertaljós, kakó og smákökur.





Næstu útgáfur Dagskrárinnar

Fimmtudaginn
4. desember

Fimmtudaginn
11. desember
*Jólablað
Dagskrárinnar*

Fimmtudaginn
18. desember
*Síðasta blað
ársins*

Fimmtudaginn
8. janúar
*Fyrsta blað
ársins*

Rithöfundar kynna bækur sínar

Nú er jólabókafloðið skolið
 á og meðal þeirra bóka sem
 nýlega hafa litið dagsins ljós er
 skáldsagan Mzungu eftir Þórunni
 Raker Gylfadóttur og Simon
 Okoth Aora og fjölskylduhroll-
 vekjan Blaka eftir Rán Flygen-
 ing, gefnar út af bókaforlaginu
 Angústúru.

Í tilefni útgáfanna munu höfundarnir heimsækja Bókasafn Árborgar þann 27. nóvember, þar sem þær kynna verk sín og lesa upp úr þeim. Rán Flygenring kemur kl. 16:00 og Þórunn Rakel kl. 17:00.



Um Mzungu

Eftirvænting ríkir í loftinu þegar Hulda kemur til Kenía þar sem hún ætlar að starfa á heimili fyrir munaðarlaus börn. Íslendingurinn Skúli er í forsvari fyrir heimilið og virðist stýra því af miklum myndarskap og hlýju. Þegar líða tekur á dvölina fer Huldu þó að gruna að ekki sé allt með felldu.

Mzungu er hörkuspennandi og áleitin frásögn um hvert góður vilji og löngun til að bæta heiminn getur leitt. Verðlaunahöfundurinn Þórunn Rakel Gylfadóttir

og Simon Okoth Aora meðhöfundur hennar draga af næmni og skarpskyggni upp æsilega atburðarás byggða á sönnum atburðum um líf og örlög fólks í Kenía.

Um Blöku

Í svartasta skammdeginu undirbúa Vaka, Kókos og pabbi sig fyrir sólarlandaferð. Þau ætla að heimsækja vatnsrennibrautagarð, taka þátt í sandkastalakeppni og belgja sig út af ís. En þegar þau koma auga á rammvillta leður-

blöku flögrandi í húminu grípur
um sig skelfing í borginni og
áform þeirra fljúga út í veður og
vind. Óhrædd við myrkrið tekur
Vaka afdrifaríka ákvörðun sem
snýr veröldinni á hvolf.

Rán Flygenring er einn þekktasti myndabókahöfundur landsins. Stöðasta bók hennar, Tjörnin, seldist upp eins og skot og hlaut fjöldamörg verðlaun. Rán fékk jafnframt Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs árið 2023 fyrir bókina Eldgos.

Fasteignagjöldin í Hveragerði hækkar

Meirhluti Okkar Hveragerðis og Framsóknar hefur nú lagt fram fjárhagsáætlun sem gengur meðal annars þvert á samþykkt bæjarráðs frá því í sumar. Þar var samþykkt tillaga D-listans um að lækka álagningarhlutfall fasteignagjalda og fækka gjalddögum úr 11 í 10. Nú, í fjárhagsáætlun ársins fyrir 2026, verður hvorugt gert og munu því fasteignagjöld í Hveragerði hækka umtalsvert á næsta ári.

Þetta gerist á sama tíma og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur birt nýtt fasteignamat þar sem íbúðarhúsnæði í Hveragerði hækkar um 10,1% og at-

vinnuhúsnæði um 11,7%. Þetta er veruleg hækkun milli ára og langt umfram það sem var á milli 2024 og 2025, enda hækkaði þá fasteignamatíð um 3,4% á íbúðarhúsnæði og 7,9% á atvinnuhúsnæði og ekki reyndist jafn mikil þörf á að bregðast við. Ef álagningarhlutfallið helst nú óbreytt, hækka fasteignagjöldin sjálfkrafa að meðaltali í Hveragerði um þessa hækkun fasteignamats.

Það væri eitt ef sveitarfélagið væri þröngt stakinn búinn. En svo virðist ekki vera. Fjárhagsáætlun meirihlutans gerir ráð fyrir rekstrarafgangi upp á yfir 500 milljónir króna. Þrátt fyrir



Jeppar í lífi þjóðar

Út er komin hjá Forlaginu bókin Jeppar í lífi þjóðar eftir Örn Sigurðsson, en hún bregður lifandi ljósi á þennan merki- lega en lítt kann- aða kafla íslenskr- ar samgöngu- sögu í máli en þó aðallega 600 einstæðum ljós- myndum. Bókin er 280 blaðsíður að lengd og er henni skipt upp í níu kafla, sem helgaðir eru helstu



sajeppa, Bronco og japönsku jeppanna. Sérstakur kaflí er helgaður sjaldséðari tegundum eins og Austin Gipsy, Scout og Lapplander. Viðá var leitað fanga við efnisöflun, meðal annars í hinu einstaka ljósmyndasafni Héraðsskjalasafns Árnesinga á Selfossi, en þar leynast margar perlur eftir sunnlenska ljósmyndara, meðal annars Tómas Jónsson og Ottó Eyfjörð. Er mikill fengur að slíkum söfnum fyrir þá sem vinna að ritun bóka um íslenskt þjóðlíf.



Tómas Jónsson lögreglu maður á Selfossi tók margar ljósmyndir við skyldustörf sín, meðal annars í flóðunum miklu í Ölfusá árið 1968. Hér ekur Land Rover-lögreglubíll eftir umflotinni götu með Ólaf Íshólm Jónsson undir stýri.



Síðla vetrar 1966 lögðu nokkrir jeppamenn frá Selfossi í leiðangur austur fyrir Lómagnúp á helstu jeppategundum þess tíma. Frá vinstri: Austin Gipsy, Ford Bronco, GAZ-69 Rússajeppi og Land Rover.



Willys-jeppinn nýttist bændum vel við bústörfin, ekki í síst í heyskap, líkt og hér á bænum Þjótanda í Villingaholtshreppi.

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is



F.v. Kári Mímísson frá ÍSÍ, Þorsteinn T. Ragnarsson formaður Hamars, Helga Dögg Snorraddóttir, Birgitta Ýr Sævarsdóttir, Einar Alexander Haraldsson, Magnús Tryggvason, Grétar Freyr Gunnarsson, Hrunn Guðmundsdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Mynd: Aðsend.

Íþróttafélagið Hamar er fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Íþróttafélagið Hamar fékk viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ á Hótel Örk í Hveragerði þriðjudaginn 18. nóvember síðastliðinn.

Kári Mímísson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ afhenti fulltrúum félagsins viðurkenninguna fyrir aðalstjórn og sjö deildir félagsins, badminton-deild, blakdeild, fimleikadeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, lyftingadeild og sunddeild.

„Þetta eru tímamót í starfi Hamars og markmiði náð sem stefnt hefur verið að undanfarin ár. Því fylgir gleði, stolt og þakklæti að ná markmiðum“, sagði Þorsteinn T. Ragnarsson formaður

Íþróttafélagsins Hamars af þessu tilefni og bætti við „verkefnið hófst innan félagsins í mars 2023 og var áætlað að ferlið tæki um og yfir þrjú ár að klárast. Því var lokið á innan við tveimur árum, þökk sé gríðarlega öflugri starfi Guðjónu Bjarkar Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra Hamars.“

Nú eru sex aðildarfélög HSK virk fyrirmyndarfélög ÍSÍ. Þau eru, auk Hamars, Golfklúbbur Selfoss, Hestamannafélagið Sleipnir, Íþróttafélagið Dímon og sex deildir félagsins, Körfuknattleiksfélag Selfoss og Umf. Selfoss og átta deildir félagsins.

Öruggur heimasigur í Hveragerði

Fyrirfram var búist við hörku-spennandi leik í Hveragerði þegar Þróttarar heimsóttu heimamenn í Hamri í Unbrokendeild karla í blaki kvöldið 19. nóvember sl.

Heimamenn virtust þó mæta betur undirbúnir til leiks og unnu fyrstu tvær hrinurnar nokkuð þægilega, 25-18 og 25-20.

Þegar kom að þriðju hrinu virtust Þróttarar þó ætla að stríða Hamarsmönnum. Þeir voru með forystu framan af, en eftir að heimamenn jöfnuðu, 7-7 sáu Þróttarar ekki til sólar og Hamarsmenn unnu hrinuna örugglega, 25-17, og leikinn þar með 3-0.

Með sigrinum styrktu Hamarsmenn stöðu sína á toppi deildarinnar. Þeir hafa nú sex



stiga forystu á KA, sem hefur spilað einum leik færri.

Stigahæstur í liði Hamars

var Denis Pavlovs með 20 stig, en stigahæstur í liði Þróttar var Kacper Kendra með 13 stig.



Yngstu keppendur deildarinnar. Mynd: Aðsend.

Frábær árangur Sunnlendinga á Silfurleikum

Keppendur Frjálsíþróttadeildar Selfoss tóku þátt í Silfurleikum ÍR laugardaginn 22. nóvember. Allir þátttakendur 11 ára og yngri fengu þátttökuverðlaun á mótinu, í flokki 12 ára fengu 10 stiga-hæstu verðlaun og veitt voru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í flokkum 13-17 ára. Keppendur deildarinnar stóðu sig frábæra en hæst bar Íslandsmet Önnu Mettu Óskarsdóttir í þristökki í tveimur aldursflokkum og HSK met í fjórum aldursflokkum. Íslandsmet í 60m grind hjá Ívari Yli hjá Dímon og HSK met Helgu Fjólú Erlendsdóttur frá Garpi í 60 m grind.

Anna Metta Óskarsdóttir stórbætti sig í þristökki þegar hún stókk 11,93m og bætti Íslandsmetin í þristökki í tveimur aldursflokkum, bæði í flokki 15 ára og í flokki 16-17 ára. Í 15 ára flokki bætti hún eigið Íslandsmet um 34 cm. Íslandsmetið í 16-17 ára flokki var 11,64m í eigu Þórdísar Evu Steinsdóttir frá árinu 2016.

Með þessu stökki bætti hún eigin HSK met í flokkum 15 ára, 16-17 ára og 18-19 ára. Hún bætti einnig 20 ára gamalt HSK met Ágústu Tryggvadóttur í flokki 20-22 ára um 22cm. Frábær árangur hjá þessari stórefnilegu íþróttakonu en að sjálfsgöðu vann hún til gullverðlauna í þristökkinu. Stökkið er jafnframt næst lengsta þristökk ársins innanhúss í kvennaflokki. Lágmarkið á Evrópumeistaramótið U18 í þristökki kvenna á árinu 2026 er 12.20m þannig að Anna Metta er einungis 28cm frá lágmarki á það stórmót þrátt fyrir að hún sé einungis 15 ára gömul. Anna Metta sigraði einnig í hástökki á Silfurleikum þegar hún vipptaði sér yfir 1.59m og náði í silfurverðlaun bæði í 60m hlaupi á tímanum 8,50 sek og í 200m

hlaupi á tímanum 28,40 sek.

Ívar Ylur Birkisson frá Dímon stórbætti Íslandsmet Tristans Freys Jónssonar frá árinu 2014 í 60m grindahlaupi (91,4cm). Ívar Ylur hljóp á tímanum 8,04 sek en eldra Íslandsmetið var 8,25 sek. Stórkostlegur árangur hjá Ívari en árangurinn er jafnframt HSK met í flokki 16-17 ára. Ívar Ylur sigraði að sjálfsgöðu í hlaupinu á Silfurleikum auk þess sem hann sigraði einnig í 60m hlaupi á tímanum 7,29 sek. Helga Fjólá Erlendsdóttir frá Garpi bætti HSK met Bríetar Bragadóttur frá árinu 2018 um 0,10 sek er hún kom í mark í 60m grindahlaupi (76,2cm) á tímanum 9,11 sek og vann til silfurverðlauna. Helga Fjólá sigraði í hástökki með því að vippta sér yfir 1,59m.

Hjálmar Vilhelm Rúnarsson sigraði í kúluvarpi í flokki 16-17 ára er hann varpaði kúlunni 15.44m og Kristján Kári Ólafsson náði bronsverðlaunum í sömu grein með 13.92m löngu kasti og persónulegu meti. Magnús Tryggvi Birgisson bætti sig í þristökki með 11.75m löngu stökki og vann til silfurverðlauna í flokki 14 ára og í kúluvarpi vann hann einnig til silfurverðlauna með 11.11m löngu kasti og bætingu. Kári Sigurbjörn Tómasson vann til bronsverðlauna í 60m grindahlaupi í flokki 15 ára á tímanum 10.59 sek sem er persónuleg bæting. Hilmir Dreki Guðmundsson kastaði kúlunni 7,96m í flokki 13 ára og vann til silfurverðlauna.

Bryndís Embla Einarsdóttir bætti sinn besta árangur í kúluvarpi er hún varpaði henni 12,76m í flokki 16-17 ára og vann til silfurverðlauna. Adda Sóley Sæland keppti í kúluvarpi í flokki 15 ára og vann til silfurverðlauna með 10.24m langt kast sem er bæting hjá henni.



Anna Metta Óskarsdóttir á palli í þristökki. Mynd: Aðsend.



Ívar Ylur Birkisson á palli í grindahlaupi. Mynd: Aðsend.

Uppskeruhátíð barna og unglinga Geysis



Í vikunni var haldin uppskeruhátíð barna og unglinga Geysis og var mætingin frábær.

Æskulýðsstarf Geysis hefur verið blómlegt á árinu, 1. maí sýningin gekk frábærlega þar sem um 100 börn tóku þátt, farið var í óvissuferð þar sem hrossaræktarþú á svæðinu voru heimsótt, gríðarfjölmennt bingó, fyrirlestur um hugarþjálfun og sitthvað fleira.

Námskeiðshöld hafa einnig verið regluleg frá í janúar og þátttakan ávallt verið góð, bæði fyrir börn og unglinga sem eiga hesta og þau sem hafa ekki aðgang að þeim sjálf.

Starfsemin er að færast í að vera stunduð allt árið eins og aðrar íþrótta-

greinar.

Geysir hefur í ár, átt marga knapa í verðlaunasætum á bæði Íslandsmóti og Heimsmeistaramóti. Félagið átti Íslandsmeistara í barnaflokk, unglingaflokk, ungmennaflokk og meistaraflokk. Tveir félagsmenn skiluðu einnig heim 5 x heimsmeistaratitlum!

Á uppskeruhátíðinni okkar voru veitt knapaverðlaun fyrir bestan árangur í barnaflokk og unglingaflokk. Þau Eiríkur Vilhelm Sigurðarson formaður Geysis og Alma Gulla Matthíasdóttir formaður æskulýðsnefndar veittu verðlaun.

Tilnefndir voru í barnaflokki voru þau Aron Dyröy Guðmundsson, Aron Einar Ólafsson, Eva Dögg Maagaard Ólafs-

dóttir, Helgi Hrafn Sigvaldsson, Jón Guðmundsson og Viktoría Huld Hannesdóttir.

Knapaverðlaun í barnaflokki hlaut Viktoría Huld Hannesdóttir. Viktoría Huld náði frábærum árangri á árinu. Hæst ber að nefna frábæran árangur á Íslandsmóti barna og unglina. Þar varð hún Íslandsmeistari á þín frá Enni í barnaflokki gæðinga. Hampaði öðru sæti í gæðingatölti, fjörgang og tölti t3. Í gæðingatölti á þín frá Enni og fjörgang og Tölti T3 á Steinari frá Stíghúsi. Hún náði frábærum árangri á öllum þeim mótum sem hún keppti á hvort sem það voru vetrardeildir eða sumarmótin.

Tilnefnd voru í unglingaflokki voru þau Bryndís Anna Gunnarsdóttir, Dagur Sigurðarson, Eik Elvarsdóttir, Elimar Elvarsson, Elísabet Líf Sigvaldadóttir og Þórhildur Lotta Kjartansdóttir.

Knapaverðlaun í unglingaflokki hlaut Dagur Sigurðarson. Dagur Sigurðarson hampaði tveimur Íslandsmeistaratitlum á árinu. Í fimmgang á Skugga-Sveini frá Þjóðólshaga og í 100m skeiði á Trommu frá Skúfslæk. Þess utan náði hann gríðarlega góðum árangri á Suðurlandsmóti, Reykjavíkurmestarmóti, Íþróttamóti Geysis, Íþróttamóti Sleipnis og svo mætti áfram telja.

Einnig hlutu Íslandsmeistarar úr hópi



Viktoría Huld Hannesdóttir og Dagur Sigurðarson. Mynd: Aðsend.

Geysis félagið viðurkenningu frá félaginu fyrir frábæran árangur á árinu. Þau Viktoría Huld Hannesdóttir, Dagur Sigurðarson, Eik Elvarsdóttir og Elísabet Líf Sigvaldadóttir.

Edda S Thorlacius



Farsælasti keppnishestur í sögu Hestamannafélagsins Sleipnis

Stjórni hestamannafélagsins Sleipnis heiðraði einn af fremstu afrekshestum sem komið hefur úr ræktun og eigu Sleipnisfélaga hinn magnaða Krókus frá Dalbæ. Krókus hefur hlotið fleiri viðurkenningar hjá Sleipni en nokkur annar hestur í sögu félagsins.

Árið 2014 varð hann hæst dæmdi kynbótahestur úr ræktun Sleipnisfélaga og hlaut Ræktunararbikar Sleipnis með 8,19 fyrir byggingu, 8,90 fyrir hæfileika (þar af 10 fyrir skeið) og í aðal-einkunn 8,60.

Á árunum 2014-2018 vann Krókus fjórum sinnum hinn virta Sleipnisgjöld sem er ein elsta og æðsta viðurkenning félagsins og jafnaði þar með sigur-göngu Þyts frá Kálfhóli.

Árið 2019 var hann aðeins hársbreidd frá sigri og endaði í 2. sæti á þriðja aukastaf.

Krókus keppti tvisvar á Landsmóti hestamanna í A-flokki (2016 og 2018) og komst í A-úrslit í bæði skiptin. Síðustu ár er hann ekki aðeins þekktur sem afburða gæðingur heldur einnig sem einn hraðskreiðasti skeiðhesturinn, auk þess sem hann hefur sannað sig í slaktaumatölti. Hann sameinar kraft, reisn, rými og fegurð – allt sem við dáum við íslenska hestinn. Hefur einnig orðið tvisvar sinnum Íslandsmeistari í sam-lögðum fimmgangsgreinum.

Frá 2019 til dagsins í dag hefur Krókus verið með bestu tíma hests í eigu Sleipnisfélaga í 100 og 250 m skeiði, annað

hvort í báðum greinum eða ann-arri.

Árið 2024 urðu Sigursteinn og Krókus Íslandsmeistarar í 250 m skeiði og í 2. sæti í 100 m skeiði.

Til að toppa frækinn keppnis-feril kepptu þeir fyrir hönd Íslands á Heimsmeistaramóti Íslenska hestsins í Sviss síðast-liðið sumar og unnu til silfur-verðlauna bæði í 100 og 250 m skeiði á frábærum tímum - sann-arlega magnaður árangur.

Þau hjá Sleipni þakka Ara, Ingunni og Sigursteini fyrir að hafa ávallt komið fram í nafni Hestamannafélagsins Sleipnis og leyft þeim, unnum Ís-lenska hestsins, að njóta þess að sjá sannan íslenskan gæðing.

Védís Huld Sigurðardóttir átti frábært ár

Laugardaginn 15. nóvem-ber fór fram uppskeruhá-tíð Sleipnis í félagsheimilinu Hlíðskjálfi.

Védís Huldur Sigurðar-dóttir fór heim klifjuð verð-launum. Védís Huld var valin knapi ársins í ungmennaflokki ásamt því að hún átti besta tíma Sleipnisfélaga í 150 m skeiði.

Védís Huld keppti á fjölda

móta í ár með framúrskarandi árangri. Upp úr stendur tvö-faldur Íslandsmeistaratitill í fjörgangi og tölti ungmenna og tvöfaldur heimsmeistaratitill í fjörgangi og tölti ungmenna á Ísaki frá Þjórsárþakka.

Sleipnir veitti jafnframt Védísi Huld viðurkenningar fyrir Íslands- og heimsmeist-aratitla.



Glæsileg tónlistarveisla!

Í tilefni af 70 ára afmæli Tónlistarskóla Árnesinga stóð skólinn fyrir afmælishátíðartónleikum þann 15. nóvember í íþróttahúsinu á Laugarvatni.

Um 250 nemendur og kennarar auk leikskólabarna frá Flúðum og Reykholti stigu á svið og um 500 áheyrendur glöddu okkur með nærveru sinni.

Í efnisvali var áhersla á tónskáld úr Árnessýslu auk tónbókmennta hljóðfæranna, svo lagaval var mjög fjölbreytt. Dagskráin hófst með trommuslætti, leikskólabörn og söngfuglar skólans sungu skemmtilegar dýravisur og svo tók hver deild við af annarri og flutti sín dásamlegu verk. Kynnir tónleikanna var Eyj-

ólfur Eyjólfsson. Þessi stóra dagskrá rann mjög vel og gaman að fylgjast með öryggi í flutningi og framkomu flytjenda.

Að undirbúa svo viðamikla dagskrá með þeim fjölda nemenda sem fram kom, er ekki mögulegt nema með samhentum hópi kennara sem vinnur af fagmennsku og alúð.

Hjartans þakkir kærur nemendur og kennarar fyrir allan undirbúninginn og frábæra frammistöðu á tónleikunum og takk kærur leikskólabörn fyrir að taka þátt í þessu skemmtilega ævintýri með okkur!

*Helga Sighvatsdóttir,
skólastjóri Tónlistarskóla Árnesinga*



Persónulegar jólagjafir

Inni á
hönnunarvef
Prentmet Odda er
einfalt og **fljótlegt**
að búa til prentaðar
jólagjafir



honnun.prentmetoddi.is

Myndabækur • Dagatöl • Kort • Ljósmyndir • Nafnspjöld



Sími 482 1944 - Gagnheiði 17, Selfossi
selfoss@prentmetoddi.is
www.prentmetoddi.is - honnun.prentmetoddi.is

SENDUM
HVERT Á LAND
SEM ER

FUNDIR



OPNUNARTÍMAR

Mánudaga kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjudagar kl. 11-13
Upprekjur

Þriðjudagar kl. 14-16
Unga fólkið

Miðvikudagar kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudagar lokað
Viðburðir auglýstir sérstaklega á Brosiðunni

Föstudagar kl. 11-13
Opíð hús

Fyrsta þriðjudag í mánuði
Karlahöpurinn Smárarnir kl. 18
Eyravegur 31, Selfossi

Sími 482 1022 og 788 0300
arnessysla@krabb.is
krabbameinsfelagarnessyslu.net

Facebook: Krabbameinsfélag
Árnessýslu/Brosið/Smáranir

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir - einn dagur í einu, alla laugardaga.
Nýliðafundur hefst 9:30 og Al-Anon fundur strax að honum loknum klukkan 10:00.

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í Hrísholti 8. Nýliðafundur kl. 20:00. Fundur kl. 20:30.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni

Fundur alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, neðri hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhalð • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Fjárheimar ehf.

Eyravegi 37, 2h - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhalð - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta



decasoft

Copilot - hvað er það?

lærðu að nýta gervigreindina í leik og starfi

Fræðsla og ráðgjöf
í upplýsingatækni
decasoft@decasoft.is

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
27. nóvember kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 27. nóvember kl. 14:45

FÆREYJARFERÐ
VORIÐ 2025

MAGNÚS J. OG BEGGI VINUR
HANS SEGJA FRÁ

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

KIRKJUR

Þorlákskirkja

Aðventuhátíð kl. 16:00.
Fram koma Kór Þorlák- og Hjallasóknar, Söngfélag Þorlákshafnar, Barnakór Grunnskóla Þorlákshafnar og Lúðrasveit Tónlistarskóla Árnesinga, ásamt stjórendum. Fermingarbörn bera inn ljósið. Kveikt verður á fyrsta kertinu á aðventukransinum.
Halldór Sigurðsson, fv. skóla- stjóri og núverandi formaður Félags eldri borgara í Ölfusi flytur hugvekiu.
Verum öll velkomin

Hveragerðisprestakall

Kl. 20:00 Aðventukvöld í Hveragerðiskirkju. Séra Salvar Geir Guðgeirsson flytur hugvekiu. Söngur: María Sól Ingólfsdóttir, Kirkjukór Hveragerðis- og Kotstrandasóknar og Hverafuglar, kór félags eldri borgara í Hveragerði. Skátarnir koma með friðarljósið frá Betlehem.

Guðsþjónusta

Laugardaginn 29. nóvember klukkan 11:00

Ómar Torfason leiðir
Bíblíuránsókn.
Osi Carvalho predikar.

Barna og unglingastarf á sama tíma

Safnaðarheimili Sjöundadags Aðventista
Eyravegi 67 - Selfossi

Allir hjartanlega velkomnir

Hrepphóla kirkja

Helgistund kl. 15 laugardaginn 29. nóvember í tengslum við ljóstendrun á leiðum í kirkjugarði. Verið öll velkomin!

Hrunakirkja

Helgistund kl. 14 laugardaginn 29. nóvember í tengslum við ljóstendrun á leiðum í kirkjugarði. Aðventukvöld sunnudaginn 30. nóvember kl. 20. Kirkjukórinn syngur undir stjórn Eyrúnar organista, fermingarbörn lesa og flutt verður jólasaga. Ræðumaður: Eyðís Sigurborg Benediktsdóttir. Kaffi á eftir í safnaðarheimili. Verið öll velkomin!

Félagsheimilið Árnes

Aðventuhátíð sunnudaginn 30. nóvember kl. 15. Nemendur úr Þjórsárskóla syngja og leika, fermingarbörn lesa, kirkjukórinn syngur. Kveikt á fyrsta kertinu á aðventukransinum.
Ræðumaður: Guðmundur Finnogason, skólastjóri Þjórsárskóla. Kaffiveitingar á eftir. Verið öll velkomin!

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma á sunnudögum kl.11:00

English translation available.

Unglingasamkomur á fimmtudögum kl. 20:00

Allir innilega velkomnir.



Uppstilling valin fyrir sveitarstjórnarkosningar 2026

Á fjölmönnum félagsfundi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis á fimmtudagskvöld voru ræddar leiðir varðandi val á framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningarnar næsta vor. Ákveðið var af fundarmönnum að félagið byði fram undir heitinu D-listinn og að viðhöfð yrði uppstilling við val á lista.

Haldnir hafa verið tveir mál-efnafundir á undanförmum mánuði þar sem félagsmenn voru virkjaðir í undirbúningsvinnu þar sem vegnir voru kostir og ókostir við ólíkar leiðir til að

velja á lista. Þar voru leiðirnar uppstilling, prófkjör og leiðtogaprófkjör skoðaðar í kjölinn af félagsmönnum sem og hvort félagið ætti að bjóða fram undir heitinu D-listinn eða D-listinn og óháðir. Vinnan var svo kórónuð á fimmtudagskvöld þar sem félagsmenn skáru úr um hverjar þessara leiða yrðu ofan á.

Stjórn félagsins lagði til við fundinn að viðhafa uppstillingu undir heitinu D-listinn. Tillaga barst frá fundarmanni um að fara leiðtogaprófkjörleiðina undir heitinu D-listinn og óháðir. Þá barst önnur tillaga í framhaldi af því þar sem lagt var til að fundarmenn myndu kjósa milli allra kostanna sem var samþykkt af fundinum. Niðurstöður þeirra kosninga varð sú, sem fyrr segir, að boðið verði fram undir heitinu D-listinn og að viðhöfð verði uppstilling við val á framboðslista.

Stjórn Sjálfstæðisfélags Hveragerðis lagði til við fundinn að Áslaug Einarsdóttir, Elínborg María Ólafsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Hafsteinn Davíðsson og Hekla Björt Birkisdóttir myndu skipa uppstillingarnefnd og var sú tillaga samþykkt. Nefndin hefur þegar hafið störf og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við nefndarmenn hafi þeir hug á að gefa kost á sér á framboðslista D-listans.

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður laugardaginn 29. nóvember kl. 11 að Eyravegi 15. Það verður engin sérstakur gestur, en við höfum gaman saman. Öll velkomin.

HEILSA



KÍRÓPRAKTORSTOFA
- SELFOSS -

Tímamantanir í síma 482-2828
eða í noona appinu.

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra byrjar
20. okt. kl. 17:00
22. okt. kl. 17:30
24. okt. kl. 10:00

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í lúffrafæðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsumúðari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja

Messa á fyrsta sunnudegi í aðventu kl. 11. Sr Kristín Þórunn Tómasdóttir sóknarprestur þjónar ásamt Bergþóru Ragnarsdóttur djákna fyrir altari og prédikar. Jón Bjarnason dórmorganisti leikur á orgel og flygil. Sungnir aðventusálmar og fyrsta kerti aðventukransins tendrað. Innilega velkomin!

Eyvindartunga

Aðventukvöld Miðdalssóknar kl. 19 á fyrsta sunnudegi í aðventu. Endurvakinn Söngkór Miðdalssóknar syngur undir stjórn Jóns Bjarnasonar. Ræðumaður er Ragnheiður Hilmarsdóttir ritari í Bláskógaskóla og meðhjálpari Miðdalssóknar. Kaffisöpi eftir stund. Innilega velkomin!

Leiðir lesendur inn í leyndarmál fjölskyldunnar

Lilja Magnúsdóttir hefur gefið út sína fjórðu bók undir nafninu Feluleikir. Lilja er búsett á Kirkjubæjarklaustri. Hún er með BA-próf í íslensku og hefur verið að kenna íslensku í Menntaskólanum í Kópavogi. Þar að auki er Lilja með MA-próf í hagnýtri ritstjórn og út-gáfu frá Háskóla Íslands.

Lilja hefur gefið út bækurnar Svíkarinn (2018), Gaddavír og gotterí (2022), Friðarsafnið (2023) og svo nýjustu bókina sína Feluleikir, sem er nýlega komin út. Síðustu þrjár bækur hefur Lilja gefið út sjálf.

Lilja Magnúsdóttir kíkti í heimsókn til okkar hjá Dag-skránni og sagði okkur frá bók-inni.

Um söguna Feluleikir

Skáldsagan Feluleikir á sér stað árið 2006 og segir frá konunni Örnú sem er rúmlega þrítug og er sagnfræðingur. Hún hefur gaman af sögum og skrifum. Arna er í sambandi með manni sem á kvikmyndafyrirtæki og hann fær Örnú til að skrifa hand-rit að kvikmynd um Skaftáreld-ana. Arna er í húsi í Fljótshverfi að skrifa þegar kærastinn hennar kemur í heimsókn.

Þegar kærasti hennar fer austur að Kárahnjúkum til að taka upp fer sambandið að taka

óvænta stefnu. Með honum á ferð er ung kona úr tökuliðinu sem Arna upplifir afbrýðissemi gagnvart. Skömmu síðar berast þær skelfilegu fregnir að ráðist hafi verið á þessa stúlku sem kærasti Örnú var á ferð með og hann er kominn í gæsluvarð-hald.

„Þá vaknar spurningin: Hvað gerir maður þegar svona gerist? Heldu maður áfram með manni sem er kominn í gæsluvarðhald fyrir að ráðast á aðra stúlku?“ segir Lilja. Sagan vindur síðan upp á sig. Fjölskylduleyndarmál koma upp á yfirborðið, aðalper-sónan fer að spyrja spurninga sem aldrei hafa verið spurðar og uppgötvar að uppruni hennar sjálfrar er ekki eins og henni hafði verið sagt.

Hvaðan fær Lilja hugmyndina?

Lilja segir hugmyndina að bókinni koma smátt og smátt til hennar. Hún segir það mikil-vægast í ferlinu að setjast bara niður við tölvuna og skrifa. „Ekki bíða eftir að hugmynd-irnar komi til þín, þær einhvern veginn koma bara um leið og þú sest við tölvuna,“ segir Lilja.

Það sem heillaði hana hvað mest var að skrifa um mann-eskjur sem takast á við alls konar áskoranir og hvernig þær bregðast við áskorunum.

„Maður ræður ekki allt-af hvað gerist en maður getur kannski stjórnað því hvernig maður bregst við.“ Aðalpersónan, sem upplifir sig alla tíð sem utangarðs „eins og hrafnungi í hreiðri lóu“, á erf-itt með að finna sinn stað sem er eitthvað sem Lilja telur að margir geti tengt við.

Lilja segir það aðallega mest krefjandi að búa sér til næði þegar hún er að skrifa. „Það er erfitt að skrifa þegar það er margt að gerast í kringum þig.“ Lilja segir mann verða að passa að tapa ekki söguþræðinum. „Maður þarf alveg að muna á blaðsíðu 300 hvað viðkomandi sagði á blaðsíðu 25,“ segir Lilja.

Fyrir hverja er sagan?

Lilja segir söguna vera fyrir alla þá sem hafa gaman að því að



Lilja Magnúsdóttir með bókina Feluleikir. Mynd: DFS.is/SEG

lesa sögur sem fjalla um fjöl-skyldur og lífið sjálft og hvernig það getur verið snúið. „Þeir sem hafa gaman af fjölskyldu-drama, hvernig fjölskyldur eru, og hvernig þær eru samsettar og hvernig það er ýmislegt sem við vitum ekki um okkar eigið fólk,“ segir Lilja.

SEG

AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL Ásahreppur, Bláskógabyggð og Flóahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga skipulagslýsingar eftirfarandi skipulagsá-ætlunar:

- Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037 - 2510040**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. nóvember 2025, skipulagslýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur og breytingar eftirfarandi deili-skipulagsáætlana:**
- 2. Langholt 1 L166247; 3 Landbúnaðarlóðir; Deiliskipulag - 2510083**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. nóvember 2025, að auglýsa nýtt deiliskipulag sem tekur til Langholts 1 L166247 í Flóahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru þrjár nýjar lóðir sem teknar eru úr landi Langholts. Gert er ráð fyrir einum byggingarreit innan hvernar lóðar þar sem heimilt er að byggja íbúðarhúsnæði, bílgeymslu, gesthús, skemmu og gróðurhús.
- 3. Syðri-Reykir lóð L167456; Frístundasvæði; Deiliskipulag - 2509080**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2025, að auglýsa nýtt deili-skipulag sem tekur til frístundalóða innan frístundasvæðis F45 í landi Syðri-Reykja í Bláskógabyggð. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindar eru fimm lóðir og byggingarreitur á öllum lóðum nema einni.
- 4. Efri-Reykir L167080; Skilgreining byggingarreits 1. áfangi; Deiliskipulagsbreyting - 2509048**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2025, að auglýsa breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Efri-Reykja L167080 í Bláskógabyggð. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir gistiskála sunnan við byggingarreit hótels og baðlóns. Þessi breyting er fyrir-huguð sem 1. áfangi uppbyggingar á svæðinu.
- 5. Ás 31-8lóð L204637; Skilgreining frístundalóðar; Deiliskipulag - 2508021**
Hreppsfélag Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. nóvember 2025, að auglýsa nýtt deiliskipulag , sem tekur til Áss 31-8 lóð L204637 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóðinni þar sem heimilt er að reisa allt að 200 fm frístundahús, 40 fm gestahús og 25 fm geymslu.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Mál 1. innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 27. nóvember 2025 með athugasemdarfresti til og með 19. desember 2025.

Mál 2 - 5. innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 27. nóvember 2025 með athugasemdarfresti til og með 9. janúar 2026.

Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið@utu.is. Fyrirspurnir má senda á netfang UTU skipulag@utu.is.

Sigríður Kristjánsdóttir
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita

Ljóð vikunnar

DIMMA NÓTT

Blómin visnuðu,
krónublöðin féllu
með brúnum blettum.
Hríðin sá um það fyrir þau
með feikilegum stormi
í stjórnlausri heift og hellti sér
yfir þorp og sveitir . . .

Milli þykkra skýjabólstra
voru veikburða daggardropar
og úr gljúpri moldinni
spruttu fram mildir litir
eins og svart blóm
fyllti hægt og rólega
dimmustu nóttina birtu . . .

Ernesto Lobo, Perú

Þór Stefánsson þýddi eftir enskri þýðingu
Germaines Droogenbroodt og Stanleys Barkan

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bntnet.is - www.pipulagnirjulla.is

LÖGGILTUR HÚSASMÍÐAMEISTARI

NÝSMÍÐI · VIÐHALD · BREYTINGAR

KARL S:692-2575
800SMIDI@GMAIL.COM



Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Sími: 861 1919
stifla.selfoss@gmail.com

YFIR
20 ÁRA
REYNSLA

Stíflulosun úr lögnum
Myndun lagna
Rótarskurður o.fl.

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Pantað ljósmyndaprentun
í öllum algengustu
ljósmyndastærðunum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is



Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna



Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

ÖLL ALMENN SMÍÐAVINNA

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHUSEHF@GMAIL.COM



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 - pulsinn@pulsinn.com

VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



Raflagnir
Tölvulagnir
Ljósleiðaralagnir



TRS

Gagnheiði 26, Selfoss
480 3300 ■ www.trs.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS

stiflulosun.is

- Stíflulosanir
- Lagnamyndun / Ástandsskoðanir
- Sónum út Lagnir
- Lagnafóðrun
- Rotþrær
- Fitugildirur
- Sandgildirur
- Skólphreinsistöðvar
- Holræsaheinsun

ÁRATUGA REYNSLA
OG SÉRÞEKKING
Á FRÁVEITUMÁLUM

VIÐ ÞJÓNUSTUM

EINSTAKLINGA
FYRIRTÆKI
HÚSFÉLÖG
SVEITAFÉLÖG



510-1180 / 669-8441



Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

Sprettur ÁBURÐUR



Skeljungur

Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is



ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is